

Dagskrá og tillögur til aðalfundar Festi hf. 2025

Festi hf.

Dalvegí 10-14

201 Kópavogi

kt. 540206-2010

Aðalfundur **Festi hf.** verður haldinn **miðvikudaginn 5. mars 2025 kl. 10:00** í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.
3. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
4. Ákvörðun tekin um hvernig fara skuli með hagnað félagsins og greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2024.
5. Tilnefningarnefnd kynnir skýrslu sína og tillögur.
 - a. Tilnefningarnefnd gerir grein fyrir skýrslu sinni.
 - b. Tillögur tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar.
6. Stjórnarkjör.
7. Tillaga stjórnar um staðfestingu á skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
8. Tillaga stjórnar um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.
9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
11. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
12. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.
13. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins.
14. Önnur mál löglega upp borin.

- 0 -

Tillögur sem liggja fyrir fundinum:

a) Ársreikningur (dagskrárliður 3)

Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 5. mars 2025 að ársreikningur móðurfélagsins og samstæðureikningur félagsins fyrir árið 2024 verði samþykktir.

- 0 -

b) Arðgreiðsla (dagskrárliður 4)

Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 5. mars 2025 að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 1.401.750.000 vegna rekstrarársins 2024 eða kr. 4,5 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verði greiddur til hluthafa þann 9. apríl 2025. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 4. mars 2025 og arðleysisdagur er því 5. mars 2025. Arðsréttindadagur er 6. mars 2025, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá Festi hf. hjá Nasdaq CSD í lok dags 6. mars 2025.

- 0 -

c) Tillögur tilnefningarnefndar að breyttum starfsreglum nefndarinnar (dagskrárliður 5)

Sjá einnig skýrslu tilnefningarnefndar og fylgiskjal með henni, sem lýtur að tillögu um endurskoðun starfsreglna nefndarinnar, sem liggur frammi á skrifstofu Festi hf. og er aðgengileg á vefsíðu félagsins: <https://www.festi.is/vidburdir/adalfundur-festi-2025>

- 0 -

i. Tilnefningarnefnd leggur til að d. og e. liðum 2. mgr. 3. gr. starfsreglna nefndarinnar verði breytt og að stafliðirnir orðist eftirleiðis svo:

„d. Mat á stærð, samsetningu og árangri stjórnar með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Nefndin skal eiga fundi með öllum stjórnarmönnum félagsins, hverjum fyrir sig, auk forstjóra þess í því skyni að afla upplýsinga um félagið, starf stjórnarinnar síðastliðið starfsár og samsetningu hennar.“

„e. Kalla eftir tillögum hluthafa að frambjóðendum til stjórnarkjörs sem og framboðum þeirra og annarra. Nefndin skal eigi síðar en 8-10 vikum fyrir aðalfund auglýsa eftir tilnefningum og áhuga á framboðum til stjórnar félagsins með opinberri tilkynningu í gegnum viðurkennda fréttaveitu og á heimasíðu félagsins.“

Greinargerð:

Lögð er til breyting á d. lið 2. mgr. 3. gr. sem leiðir af því að nefndin er frá og með næsta aðalfundi hrein hluthafanefnd, það er allir nefndarmenn kjörnir á aðalfundi. Lagt er til að orðalag sem hefur að geyma tilvísun til stjórnarmanns sem skipaður sé af stjórn sé fellt brott.

Þá er lögð til breyting á e lið 2. mgr. 3. gr. þar sem orðalag varðandi auglýsingar frá nefndinni er uppfært.

- O -

ii. Tilnefningarnefnd leggur til að 2. mgr. 5. gr. starfsreglna nefndarinnar verði breytt og verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Nefndin er ákvörðunarþær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með minnst þriggja daga fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma á borð nefndarinnar.“

Greinargerð:

Lagt er til að orðið „löglega“ sé fellt brott úr 2. mgr. 5. gr. reglnanna, þar sem vísað er til þess að fundir nefndarinnar skuli vera löglega boðaðir. Þar sem engum lögum er til að dreifa er þetta varða er lagt til að þetta orðalag verð fellt brott.

- O -

iii. Tilnefningarnefnd leggur til að ákvæði til bráðabirgða í starfsreglum nefndarinnar falli á brott.

Greinargerð:

Loks er lagt til að bráðabirgðaákvæði verði fellt úr gildi, enda á það ekki lengur við.

- O -

d) Tillaga tilnefningarnefndar að stjórn (dagskrárliður 5)

Vísað er til skýrslu tilnefningarnefndar sem liggur frammi á skrifstofu Festi hf. og er aðgengileg á vefsíðu félagsins: <https://www.festi.is/vidburdir/adalfundur-festi-2025>

- O -

e) Tillaga um staðfestingu á skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd (dagskrárliður 7)

Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 5. mars 2025 að **1)** Halla Thoroddsen, **2)** Inga Björg Hjaltadóttir og **3)** Tómas Eiríksson verði kjörin í tilnefningarnefnd félagsins.

Greinargerð:

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar félagsins, eins og þeim var breytt á aðalfundi 2024, skal nefndin skipuð þremur mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Nefndarmenn skulu vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Tryggt skal að í tilnefningarnefnd sitji nefndarmenn af báðum kynjum en stjórnarmenn eru ekki kjörgengnir til setu í nefndinni.

Mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. starfsreglnanna að stjórn skuli með aðalfundarboði leggja fram tillögu um staðfestingu á skipan nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Lýtur tillaga stjórnar Festi hf. til aðalfundar 2025 að því að Halla Thoroddsen, Inga Björg Hjaltadóttir og Tómas Eiríksson verði kjörin í tilnefningarnefnd félagsins. Nánari upplýsingar um þá einstaklinga sem tilnefndir eru samkvæmt tillögu stjórnar verða gerðar aðgengilegar á vefsíðu félagsins: <https://www.festi.is/vidburdir/adalfundur-festi-2025>

Vakin er athygli á að hluthafar hafa jafnframt tillögurétt að skipan nefndarmanna og skulu slíkar tillögur sendar skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, sbr. 2. mgr. 2. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar. Séu tilnefndir fleiri en þrjú einstaklingar til setu í tilnefningarnefnd skal fara fram kosning á aðalfundi.

- O -

f) Tillaga um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd (dagskrárliður 8)

Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 5. mars 2025 að Björgólfur Jóhannsson verði tilnefndur sem utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd félagsins.

Greinargerð:

Festi hf. er eining tengd almannahagsmunum í skilningi laga nr. 3/2006 um ársreikninga og skal því starfa endurskoðunarnefnd innan félagsins, sbr. IX. kafla A. í lögnum. Í 108. gr. a. laganna er mælt fyrir um að sé nefndarmaður í endurskoðunarnefnd utanaðkomandi aðili skuli hann tilnefndur af aðalfundi, sbr. lög nr. 6/2024.

Lýtur tillaga stjórnar að því að Björgólfur Jóhannsson verði tilnefndur af aðalfundi til setu sem utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd félagsins vegna rekstrarársins 2025.

- O -

g) Kjör endurskoðenda (dagskrárliður 9)

Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 5. mars 2025 að Deloitte ehf. verði endurskoðunarfirma félagsins og Þorsteinn Pétur Guðjónsson og Pétur Hansson verði endurskoðendur félagsins.

- O -

h) Þóknun stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar (dagskrárliður 10)

Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 5. mars 2025, byggt á umsögn starfskjaranefndar, að stjórnar- og nefndarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

i. Tillaga um þóknun stjórnarmanna.

- Stjórnarformaður fái kr. 920.000 á mánuði
- Varaformaður stjórnar fái kr. 690.000 á mánuði
- Aðrir stjórnarmenni fái kr. 460.000 á mánuði

Greinargerð:

Tillaga felur í sér að þóknun stjórnarformanns og stjórnarmanna hækkar um 7,0% frá fyrra starfsári en þóknun varaformanns stjórnar um 7,8%.

- O -

ii. Tillaga um þóknun nefndarmanna í starfskjaranefnd.

- Formaður fái kr. 140.000 á mánuði
- Aðrir nefndarmenn fái kr. 75.000 á mánuði

Greinargerð:

Tillaga felur í sér að þóknun formanns starfskjaranefndar hækkar um 7,7% frá fyrra starfsári en þóknun annarra nefndarmanna um 7,1%.

- o -

iii. Tillaga um þóknun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.

- Formaður fái kr. 225.000 á mánuði
- Aðrir nefndarmenn fái kr. 115.000 á mánuði

Greinargerð:

Tillaga felur í sér að þóknun formanns endurskoðunarnefndar hækkar um 7,1% frá fyrra starfsári en þóknun annarra nefndarmanna um 9,5%.

- o -

iv. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.

- Formaður fái kr. 180.000 á mánuði
- Aðrir nefndarmenn fái kr. 140.000 á mánuði

Greinargerð:

Tillaga felur í sér að þóknun formanns tilnefningarnefndar hækkar um 5,9% frá fyrra starfsári en þóknun annarra nefndarmanna um 7,7%.

- o -

v. Tillaga um þóknun fyrir setu í fjárfestingarráði.

- Formaður fái kr. 105.000 á mánuði
- Ráðsmaður fái kr. 75.000 á mánuði

Greinargerð:

Tillaga felur í sér að þóknun formanns fjárfestingarráðs hækkar um 5% frá fyrra starfsári en þóknun annars nefndarmanns um 7,1%.

- o -

i) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 11)

Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund þann 5. mars 2025 að starfskjarastefna félagsins verði samþykkt óbreytt frá fyrra ári.

Greinargerð:

Í samræmi við efni starfskjarastefnu félagsins kom hún til endurskoðunar og yfirferðar af hálfu stjórnar og starfskjaranefndar í aðdraganda aðalfundarins. Þótti stjórn ekki tilefni til að leggja fram tillögur að breytingum starfskjarastefnunnar fyrir aðalfund 2025 en til þess er einnig að líta að síðasti aðalfundur samþykkti nokkrar breytingar á stefnunni. Samkvæmt því leggur stjórn til við aðalfund 2025 að starfskjarastefnan verði samþykkt óbreytt frá fyrra ári.

Starfskjarastefna félagsins liggur fyrri á skrifstofu félagsins og er aðgengileg á vefsíðu þess: <https://www.festi.is/vidburdir/adalfundur-festi-2025>

- o -

j) Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins (dagskrárliður 12)

i. Stjórn Festi hf. leggur til að síðari málsliður 9. mgr. 17. gr. samþykpta félagsins falli á brott og að málsgreinin verði samkvæmt því eftirleiðis svohljóðandi:

„Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutafélags skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.“

Greinargerð:

Tillaga stjórnar felur í sér að óbreytt verður að upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins skuli lagðar fram hluthöfum til sýnis eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund sem er í samræmi við efni 4. mgr. 63. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lagt er hins vegar til að síðari málsliður 9. mgr. 17. gr. í samþykktum félagsins falli á brott en málsliðurinn er svohljóðandi:

„Hluthafar skulu ávallt eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör í tvo sólarhringa frá því að stjórn kunngerir niðurstöður framboða til stjórnar, ef ekki er sjálfkjörið.“

Tilgreindur málsliður kom fyrst inn í samþykktir félagsins, sem þá bar heitið N1 hf., á aðalfundi sem haldinn var þann 16. mars 2016. Svo sem upplýst var um á þeim aðalfundi tók sú breyting á samþykktunum til þess að heimila hluthöfum að óska eftir hlutfalls- eða margfeldiskosningu eftir að framboð til stjórnar hefðu verið kunngerð en framboðsfrestur var þá fimm sólarhringar (er nú tíu sólarhringar, sbr. 5. mgr. 17. gr. samþykkt félagsins) og rann því saman við lögbundinn frest hluthafa til að koma að kröfugerð um kosningafyrirkomulag. Var tekið fram á fundinum og fært í fundargerð þess fundar að lögbundið lágmark hluthafa þyrfti eftir sem áður að setja fram slíka ósk/kröfu um beitingu hlutfalls- eða margfeldiskosningar.

Í aðdraganda aðalfundar 2024 bárust til stjórnar fyrirspurnir um málslið þennan, skýringar hans og túlkun. Til að auka skýrleika samþykktanna hvað þetta efni varðar er það tillaga stjórnar að málsliðurinn falli á brott og þess í stað verði tekin upp ný málsgrein í 17. gr. samþykktanna sem taki mið af orðalagi 7. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. lið ii hér að neðan.

- 0 -

ii. Stjórn Festi hf. leggur til að nýrri málsgrein, 10. mgr. 17. gr., verði bætt við samþykktir félagsins sem verði svohljóðandi:

„Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.“

Greinargerð:

Um tillöguna vísast til skýringa við tillögu i. að framan. Tillaga stjórnar er efnislega í samræmi við fyrirmæli 7. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

- 0 -

k) Heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins (dagskrárliður 13)

Stjórn Festi hf. leggur til við aðalfund að heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu verði endurnýjuð. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. samþykkt félagsins skal slíkrar heimildar getið í sérstökum viðauka við samþykktirnar. Með vísan til þess leggur stjórn félagsins til að viðauki við samþykktir þess verði eftirleiðis svohljóðandi:

„Aðalfundur Festi hf. haldinn 5. mars 2025 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að lækka hlutafé félagsins og/eða að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2026. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimild þessarar.“

Greinargerð:

Með tillögunni er lagt til að stjórn félagsins fái endurnýjaða heimild til endurkaupa í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, með það að markmiði að lækka hlutafé félagsins og/eða gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar samkvæmt kaupréttarsamningum við starfsmenn. Í öllum tilvikum skal jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi til endurkaupa eigin hluta er háð því að skilyrði laga og reglugerða um endurkaup eins og þau eru á hverjum tíma séu uppfyllt. Við ákvörðun og framkvæmd endurkaupaáætlunar verði farið að ákvæðum þeirra eins og þau eru á hverjum tíma og við framkvæmd hennar skuli tryggja gagnsæi slíkra viðskipta með eigin hluti. Með tillögunni er lagt til að félaginu verði einnig heimilt að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi. Ákveði stjórn að nýta slíka heimild skal það gert í samræmi við ákvæði gildandi laga, jafnræði hluthafa skal tryggt og fjármálafyrirtæki falið að annast framkvæmd samkvæmt samningi. Þá er lagt til að heimild til kaupa á eigin hlutum verði tímabundin og að hún verði endurskoðuð á næsta aðalfundi félagsins.

Samþykki aðalfundur tillögu stjórnar um áframhaldandi heimild til kaupa á eigin hlutum mun núverandi viðauki við samþykktirnar um endurkaup, sbr. samþykkt aðalfundar 6. mars 2024, falla á brott.